

KIRKJUGARÐARÁÐ

8. fundur haldinn mánudaginn 14. apríl 2003
kl. 11:00 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri og formaður ráðsins, Smári Sigurðsson, fulltrúi Kirkjubings, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Valtýr Valtýsson oddviti, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs og Kristín Huld Sigurðardóttir sem sat fundinn í fjarveru Margrétar Hallgrímsdóttur, Þjóðminjavarðar og ritaði fundargerð.

Gestir: Hr. Karl Sigurbjörnsson biskup og Sigríður Dögg Geirsdóttir fjármálastjóri.

1. Setning fundar

Ragnhildur Benediktsdóttir formaður setti fundinn og bauð gesti velkomna.

2. Umsóknir um styrkveitingar úr Kirkjugarðasjóði

Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri flutti ítarlega kynningu á umsóknum í Kirkjugarðasjóð með litskygnum.

Umsóknir voru samþykktar. Garða á eftirtöldum stöðum fengu styrki:

Múlaprófastsdæmi		
Skeggjastaðir	450	Gerð bílastæðis
Hof í Vopnafirði	500	Endurnýja umgjörð kirkjugarðsins
Hofteigur	500	Bygging þjónustuhúss
Hjaltastaður	500	Lagfæring á garðflöt og vegg
Eiðar	150	Undirbúa byggingu þjónustuhúss
Skaftafellsprófstsdæmi		
Bjarnanes	500	Til endurbóta og stækkunar
Hof í Örafum	350	Endurhlaða gamlan vegg
Gröf í Skaftártungum	300	Gerð bílastæðis
Vík í Mýrdal	500	Til lagfæringar kirkjugarðs
Reynir	150	Gangstígur og lýsing
Rangárvallaprófstsdæmi		
Eyvindarhólar	350	Gerð bílastæðis og lagfæring aðkomu.
Voðmúlastaðir	200	Gerð bílastæðis
Kross	350	Gerð bílastæðis
Hagi í Holtum	500	Bygging þjónustuhúss
Kálholt	500	Vegna lagfæringar kirkjugarðs
Árnesprófastsdæmi		
Hrepphólar	600	Endurnýja girðingu
Ólafsvellir	500	Greiða skuld við kirkju
Hraungerði	500	Grjóthleðsla og stækkun
Torfastaðir	500	Til gerðar bílastæðis og stækkunar

Miðdalur	300	Vegna lagfæringar kirkjugarðs og nánasta umhverfis
Hjalli í Ölfusi	300	Endurnýja sáluhlið, helluleggja o.fl.
Kjalarnesprófastsdæmi		
Ytri-Njarðvík	500	Stækkun kirkjugarðs
Grindavík	600	Stækkun kirkjugarðs
Reykjavíkurborgsprófastsdæmi		
Suðurgötukirkjugarður	1.080	Ljúka skráningu og flokkun minningarm.
Borgarfjarðarprófastsdæmi		
Reykholt	2.500	Til að greiða niður skuldir
Snæfellsnes- og Dalapr.		
Staðarhraun	400	Vegna lagfæringar kirkjugarðs
Ingjaldshóll	500	Vegna lagfæringar á umhverfi kirkjugarðs
Ólafsvík	500	Stækkun og endurbætur á aðkomu
Grundarfjörður/Setberg	500	Endurbætur og stækkun
Hvammur í Dölum	500	Til lagfæringar á kirkjugarði og umhverfi hans
Staðarfell	350	Greiða niður skuldir
Skarð á Skarðsströnd	300	Greiða niður skuld og ljúka við girðingu
Barðastrandarprófastsdæmi		
Saurbær á Rauðasandi	500	Til að hlaða umhverfis kirkjugarðinn
Sauðlauksdalur	450	Til að endurnýja girðingu og sáluhlið
Patreksfjörður	500	Áframhaldandi lagfæringa á kirkjugarði
Bíldudalur	500	Til að hlaða umhverfis kirkjugarðinn
Ísafjarðarprófastsdæmi		
Sæból á Ingjaldssandi	120	Endurnýja girðingu
Núpur	800	Greiða niður skuldir vegna framkvæmda
Holt í Öfundarfirði	500	Lagfæra bílastæði, aðkomu og garð
Hnífsdalur	500	Vegna lagfæringa á kirkjugarðinum
Bolungarvík	300	Hellulögn og frágangur á minningarreit
Melgraseyri	500	Til að endurnýja girðingu
Húnavatnsprófastsdæmi		
Óspakseyri	400	Endurnýja girðingu o.fl.
Blönduós	300	Greiða niður skuld
Hof á Skaga	300	Gerð bílastæðis
Skagafjarðarprófastsdæmi		
Víðimýri	500	Vegna lagfæringa á umhverfi kirkjugarðs
Reykir	200	Lagfæra girðingu
Miklibær	300	Endurnýja gangstétt
Flugumýri	160	Ljós meðfram göngustíg
Siglufjörður	750	Lýsing og endurnýjun tröppustígs
Eyjafjarðarprófastsdæmi		
Upsar	400	Vegna lagfæringar á kapellu
Vellir	250	Vegna lagfæringar garðs
Kirkjugarðar Akureyrar	2565	Greiða niður gamlar skuldir
Munkaþverá	450	Vegna lagfæringa
Þingeyjarprófastsdæmi		
Grenjaðarstaður	200	Vegna lagfæringar í kirkjugarði
Raufarhöfn	300	Endurnýja girðingu
Niðurlagðir kirkjugarðar		
Sandfell í Örafum	150	Endurhlaða umgjörð kirkjugarðsins
Holt undir Vestur-Eyjafjöllum	120	Til hirðingar

Úthlíð í Biskupstungum	600	Vegna lagfæringar
Klausturhólar í Grímsnesi	500	Til lagfæringar garðsins
Hvoll í Saurbæ	200	Til að bæta aðgengi að garðinum.
Otradalur	500	Lagfæra garð og gamla hleðslu
Álftamýri við Arnarfjörð	100	Lagfæra steiptan vegg
Staður í Grunnavík	300	Lagfæra garð og gamla hleðslu
Fell í Kollafirði	300	Ljúka lagfæringum
Gröf á Höfðaströnd	150	Ljúka við lagfæringar á torfvegg
Gamli garðurinn á Húsavík	800	Til hleðslu á grjóttvegg
Annað		
KGSÍ v/legsteinasamkeppni	500	Gerð frumeintaka
KGSÍ v/ gagnagrunns	1.000	Til legstaðaskráningar í gagnagrunn
KGSÍ v/rekstrar	800	Undirb. norrænnar ráðst. o.fl.
KGSÍ v/gjaldalíkans	800	Vegna skýrslu um gerð gjaldalíkans fyrir kirkjugarða
Fornleifavernd ríkisins	700	Skrá minningarmörk í Kjalarnesprófastsd.
Ýmsir kirkjugarðar 15. stk.	900	Vegna hönnunar og undirbúnings
SAMTALS:	34.395	

3. Rekstraráætlun Kirkjugarðasjóðs

Fjármálastjóri gerði grein fyrir rekstraráætlun Kirkjugarðasjóðs árið 2003 og er þar stuðst við bráðabirgða rauntölur ársins 2002. Nefnt var að 5 milljóna kr. Styrkur, sem fékkst vegna jarðskjálftastyrkja, skýri góða stöðu. Þórsteinn Ragnarsson kom með þá tillögu að reynt yrði að halda ca 10% eftir í sjóði milli ára til að hafa eitthvert svigrúm. Sigríður Dögg kvað svigrúm verða til þess á næsta ári.

4. Umsóknir um styrki úr Kirkjugarðasjóði afgreiddar

Styrkir voru afgreiddir samkvæmt lista hér að ofan. Valtýr vill fá breytingu á fyrsta lið þar sem fram kemur hverju var úthlutað síðast. Rætt var um að unnið yrði úthlutunarmódel og var ákveðið að Guðmundur Rafn og Þórsteinn skrifi lista yfir hvað ræður úthlutunum úr sjóðnum og búi til módel í kringum það. Loforðið um að Kirkjugarðar Akureyrar fái 2,565 m.kr. er skilyrt því að sveitarfélagið komi þar að með mótframlag.

5. Staða gjaldalíkans

Þórsteinn afhenti skýrsluna á fundinum og skal tekið fyrir á næsta fundi hvort unnið verður áfram með verkefnið. Jafnframt þarf að leggja tillögu um hvort unnið verði áfram að verkefninu fyrir fjárhagshóp biskups. Ákveðið var að kynna skýrsluna í ráðuneytinu eftir kosningar. Jafnframt var ákveðið að Þórsteinn riti bréf um málið og það lagt fyrir næsta fund. Þórsteinn mun jafnframt kynna skýrsluna á maífundum Kirkjugarðaráðs.

6. Ákvörðun um næsta fund Kirkjugarðaráðs

Ákveðið var að næsti fundur yrði 26. maí á Akureyri og að framkvæmdastjóri sjái um farmiðapöntun og skipulag fundar.

7. Önnur mál

- a) Framkvæmdastjóri upplýsti að ákveðið hefði verið að taka bifreið í rekstarleigu í stað þeirrar sem hann hefur nú til umráða. Mánaðargreiðsla nemur um 53 þús.kr. næstu þrjú árin.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 14:58.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Margrét Hallgrímsdóttir, ritari